

Íslenskur iðnaður

03. tölublað 16. árg.

Mars 2010

Samtök iðnaðarins | SI

Iðnþing 2010

Vilji til vaxtar – Mótum eigin framtíð



Á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins var fjallað um uppbyggingu efnahags- og atvinnulífs undir yfirskriftinni *Vilji til vaxtar – mótum eigin framtíð*. Þingið var afar vel sótt og þótti takast vel.

Jón Steindór Valdimarsson opnaði þingið og kynnti helstu niðurstöður aðalfundar. Helgi Magnússon, formaður SI og Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra ávörpuðu þingið. Kristín Pétursdóttir, forstjóri

Auðar Capital og Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar fluttu erindi og að þeim loknum var efnt til pallborðsumræðna undir stjórn Þorsteins Víglundssonar.

Sjá nánari umfjöllun á bls. 3, 4 og 5

bls. 2



bls. 3



Nýir stjórnarmenn Samtakanna

bls. 6



Fjarðarkaup með hæstu einkunn frá upphafi

bls. 10



Útbodsþing 2010

bls. 11



Vel heppnað Íslands-mót

Mennt verður að mætti



Jón Steindór Valdimarsson
framkvæmdastjóri SI

Umrót liðinna missera hefur sett margt úr skorðum. Á mörgum sviðum er ekki hægt að halda áfram með gamla laginu. Menntakerfið verður ekki rekið með sama hætti og áður. Það verður að horfast í augu við það.

Í eðli okkar flestra er tregða til þess að gera breytingar. Þess vegna er oftast ekki erfitt að hugsa hluti upp á nýtt og skipa málum með öðrum hætti en tíðkast hefur. Um þetta eru mýmörg dæmi og virðist oft gilda einu þótt almenn skynsemi eða breytingar á aðstæðum gera nýja skipan óumflýjanlega. Sem betur fer er þó fjarri lagi að þetta sé algild regla - ella yrði engin framþróun eða nýsköpun.



Þörfin blasir við

Það blasir við að iðn-, verk- og tækninám á undir högg að sækja á framhaldsskólastigi. Það er sett skör lægra en bóknámið þrátt fyrir áratuga tal um annað. Þetta viðhorf fer gegn staðreyndum um þörf samfélagsins fyrir menntun af þessu tagi á næstu árum og áratugum. Á nýliðnu Iðnþingi var grunntóninn umfjöllun um uppbyggingu atvinnulífsins á næstu 10 árum, atvinnulífs sem þarf að taka við 35.000 vinnufúsum körlum og konum. Þar blasir við að framleiðslufyrirtæki munu skipta verulegu máli. Reynsla síðustu ára sýnir líka glögg að fyrirtækin, sem framleiða vöru sem byggir í ríkum mæli á verk- og tæknikunnáttu, eru burðar-ásar þegar á reynir. Vöxt og viðgang þeirra fyrirtækja sem fyrir eru og þeirra sem byggja þarf upp á komandi árum verður að tryggja með aðgangi að fólki með menntun við hæfi.

Dýrara en nauðsynlegt

Það krepur að í ríkisfjármálum og mun gera á næstu árum. Úr minna fé er að spila en áður og þar er rekstur skólakerfisins ekki undanskilinn. Skera þarf niður rekstrarkostnað, undan því verður ekki vikist. Yfirvöld menntamála grípa til þess ráðs að beita flötum niðurskurði og senda verkefnið til skólanna, bæði fram-



haldsskóla og háskóla. Stjórnendum skólanna er vandi á höndum því stærstu rekstrarliðir eru laun kennara og húsnæðiskostnaður, jafnvel um eða yfir 80%. Ríkið skammtar fé eftir reiknilíkani sem á að taka tillit til allra kostnaðarþátta en sker greiðslur flatt niður.

Eðli máls samkvæmt er iðn-, verk- og tækninám dýrara en bóknám vegna efniskostnaðar, kennslubúnaðar og að kenna þarf í smærri hópum. Þetta nám er því viðkvæmara fyrir niðurskurði en bóknám.

Forgangsröðum rétt

Það á að forgangsráða. Látum ekki niðurskurðinn bitna á verk- og tækninámi, námi sem flýtir fyrir nauðsynlegri atvinnuuppbyggingu. Eðlilegt væri að búa betur að skólum sem sinna kennslu á þessu sviði. Væri ekki rétt að skera minna niður þar en annars staðar og hvetja nemendur til þess að sækja iðn-, verk- og tækninám frekar en hefðbundið bóknám með tiltækum aðferðum en án þvingunar? Af hverju er það t.d. talið eðlilegt að verk-námsnemi borgi meira fyrir sitt nám en bóknámsneminn?

Það er brýn nauðsyn að ræða þessi mál af hreinskilni og gera það sem gera þarf í stað þess að tripla í kringum málið eins og köttur um heitan graut. Það höfum við gert alltof lengi - og auðvitað án nauðsynlegs árangurs.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
03. tbl. 16. árg. Mars 2010
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðu: 23.03.2010
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plaströkkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson
Ritstjóri: Rákel Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Nýir stjórnarmenn SI



Helgi Magnússon var endurkjörinn formaður Samtaka iðnaðarins með 80% atkvæða en formaður er kosinn til árs í senn. Helgi er að hefja fimmta kjörtímabil sitt sem formaður.

Þorsteinn Víglundsson gekk úr stjórninni. Samkvæmt lögum SI getur stjórnarmaður ekki setið lengur en sex ár samfleytt og var Þorsteinn því ekki lengur kjörgengur.

Helmingur stjórnar er kosinn á hverju ári til tveggja ára í senn. Að þessu sinni náðu kjöri þau Bolli Árnason, GT Tækni ehf., Sigsteinn P. Grétarsson, Marel hf. og Vilborg Einarsdóttir, Mentor ehf. Fyrir í stjórninni voru Aðalheiður Héðinsdóttir, Andri Þór Guðmundsson, Loftur Árnason og Tómas Már Sigurðsson.

Þau fjögur sem komu næst að atkvæðatölu að ná kjöri til stjórnar, taka sæti í ráðgjafaráði. Það voru þau Anna María Jónsdóttir, Hilmar V. Pétursson, Ingvar Kristinsson, og Ólafur Steinarsson. Kosningabátttaka var 62% en kosningin er póstkosning sem fer fram dagana fyrir Iðnþing og eru atkvæði félagsmanna í samræmi við greidd félagsgjöld.



Bolli Árnason er stofnandi, meðeigandi og framkvæmdastjóri GT Tækni ehf. á Grundartanga en þar eru starfsmenn 65 talsins. Bolli var framkvæmdastjóri tæknideildar Íslenska járnblendifélagsins,

samningamaður, starfaði sem ráðgjafi hjá Vinnuveitendasambandi Íslands og verkefnastjóri hjá MANB6W Diesel A/S. Hann var vélstjóri og yfirvélstjóri á togurum og flutningaskipum þar áður. Bolli lauk alþjóðlegu meistaranámi í viðskiptafræðum (MBA) frá Háskólanum í Reykjavík 2003, BSc rekstrartæknifræði frá Tækniháskólanum í Óðinsvéum 1986, raungrainadeild Tækniskóla Íslands 1983 og 4. stigs vélstjóra frá Vélskóla Íslands 1981. Bolli er giftur Aðalbjörgu Ingadóttur grunnskólakennara og eiga þau þrjú börn.



Sigsteinn P. Grétarsson lauk BSc prófi í vélaverkfræði frá Bradley University 1990 og meistaraþáttu frá University of Illinois at Urbana-Champaign, árið 1992. Að meistaranámi loknu, starfaði Sigsteinn um árabil sem ráðgjafi hjá Hans Dönges GmbH í Þýskalandi, en hóf síðan störf hjá Marel árið 1997.

Hann hefur komið víða við innan fyrirtækisins og gegndi störfum verkefnastjóra, ráðgjafa og svæðissölustjóra til ársins 2001 þegar hann fluttist til Ástralíu og stofnaði þar dótturfélag Marel. Sigsteinn var framkvæmdastjóri Marel Ástralíu til 2005 er hann snéri aftur til höfuðstöðvanna og tók við stöðu framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar. Sigsteinn tók við sem forstjóri Marel á Íslandi árið 2007. Sigsteinn er kvæntur Stellu Stefánsdóttur, doktorsnema í viðskiptafræði við Háskóla Íslands og eiga þau fjórar dætur.

Vilborg Einarsdóttir er framkvæmdastjóri og einn aðaleigandi Mentors. Hún er með B.ed próf frá Kennaraháskóla Íslands (1993) og MSc gráðu í viðskiptafræði á sviði stjórnunar og



stefnumótunar frá Háskóla Íslands og Verslunarháskólanum í Árósum (2001).

Eftir að hafa lokið námi í Kennaraháskólanum starfaði Vilborg sem kennari í fullorðinsfræðslu og stofnaði hún m.a. skóla fyrir atvinnulaust fólk á vegum Menningar- og fræðslusambands alþýðu. Frá árinu 2002 hefur hún starfað í eigin fyrirtæki auk þess að vera stundakennari í viðskiptafræðideild HÍ. Vilborg hefur setið í stjórn Samtaka sprotafyrirtækja frá árinu 2006. Hún er gift Pétri Pétursyni stofnanda Manna og músa og eiga þau þrjú börn.



Breytingar á lögum

Á aðalfundi SI voru samþykktar breytingar á lögum SI. Um er að ræða 5. grein um úrsagnir eða brottvikningu, 9. grein um stjórn og stjórnarkjör og 10. grein um tilhögun stjórnarkjörs. Ný lög er finna á vefsetri Samtakanna www.si.is.

Á Iðnþingi var sýnt myndband sem nefnist *Sýnum viljann í verki*. Það er hægt að nálgast á vefsetri Samtakanna www.si.is.



Iðnþing 2010 Vilji til vaxtar - Mótum eigin framtíð

Helgi Magnússon, formaður SI sagði í ræðu sinni að ein ástæða þess að svo illa gengi að endurreisa efnahag Íslandinga væri að hér á landi væru áhrifamikil öfl sem virðast vera á mótum hagvexti. „Þessi öfl beita afli sínu gegn endurreisn atvinnulífsins vegna þess að þau telja að hag landsmanna verði betur borgið í framtíðinni án hagvaxtar. Þessi átök standa nú yfir á Íslandi. En við aðhyllumst ekki þetta sjónarmið.“

Helgi lagði í ræðu sinni áherslu á að unnt væri að endurreisa efnahag landsins býsna hratt ef nægur stuðningur ráðandi afla fæst við skynsamlega hagvaxtastefnu sem hrint yrði í framkvæmd hið fyrsta án þess að gengið væri á svig við eðlilega náttúruverndarstefnu. „Unnt er að nefna fjölda tækifæra og verðmætaskapandi verkefna í iðnaði og öðrum atvinnugreinum sem geta lagt grunn að þeim hagvexti sem þarf til að lyfta okkur aftur upp í líf skjörum og kveða atvinnuleysið niður. En það þarf fleira að koma til s.s. endurreisn hugar-

„Það er rúm fyrir stórframkvæmdir í hagkerfinu á næstu misserum án þess að þær þurfi að ryðja burt sprotum og nýskapandi starfsemi.“

Katrín Júlíusdóttir

farsins. En það er ekki einfalt eða auðvelt verkefni. Engu að síður óhjákvæmlegt ef ekki á illa að fara“, sagði Helgi.

Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra gerði m.a. að umtalsefni nauðsyn þess að finna lausnir á atvinnuleysisvandnum. Hún segir brýnasta viðfangsefnið að koma stórum verkum og smáum á skrið fyrir vorið til þess að bæta atvinnuástandið. Hvort sem það eru viðhaldsverkefni um land allt eða virkjanir og allt kapp eigi að leggja á að ýta undir beina erlenda fjárfestingu í þau stórverkefni sem framundan eru. „Atvinnuleysi mun verða okkar helsta böli á Íslandi næstu misseri komi ekki til nýrra fjárfestinga. Góðu fréttirnar eru að það er rúm fyrir

stórframkvæmdir í hagkerfinu á næstu misserum án þess að þær þurfi að ryðja burt sprotum og nýskapandi starfsemi. Hér er því lag sem við þurfum að hagnýta okkur.“

Kristín Pétursdóttir, forstjóri Auðar Capital, fjallaði um mikilvægi fjárfestinga í nýsköpun fyrir framtíðarhagvöxt og atvinnusköpun. „Jarðvegurinn er frjór en það verður að sá fræjum til að uppskera. Þessi fræ eru fyrst og fremst fjármagn og sem stendur eru mjög miklar takmarkanir á aðgengi að fjármagni. Úr því verður að bæta. Við eigum alla möguleika á því þar sem þetta fé er til en liggur dautt í kerfinu og nýtist ekki til fjárfestinga og nýsköpunar“, sagði Kristín. Í máli hennar kom fram að í framtíðinni verði að leggja áherslu á að skapa áþreifanleg verðmæti frekar en pappírshagnað. „Mikilvægt er að byggja upp á grundvelli góðs viðskiptasiðferðis og stjórnunarháttanna. Nú er mikilvæga en nokkru sinni fyrr að styðja við vaxandi fyrirtæki og breikka skattstofnana okkar.“

Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, sagði íslensku efnahagssumgjörðina hingað til hafa einkennst af því að hér voru stuttar boðleiðir, mikill sveigjanleiki og tiltölulega lítt íþyngjandi eftirlitsstofnanir. Aðlögunarhæfni atvinnulífsins mikil en myntin okkar örlítil. Þetta umhverfi stuðlaði að alvarlegri fjármála- og efnahagskreppu. Ríkissjóður væri stórskuldugur og orðspor okkar beðið mikla hnekki. Atvinnuleysi sé ógnvænlegt og nauðsynlegt að skapa skilyrði til að draga úr því. „En því miður hefur okkar háttur verið sá að redda okkur út úr vandamálum frekar en að sveigja fram-





„Það eru því miður engar patentlausnir á þeim vanda sem við er að etja. Við þurfum á skýrri stefnumörkun og forystu að halda til að hér geti áfram þrífist kröftugt atvinnulíf.“

Jón Sigurðsson

hjá þeim. Nú þarf nauðsynlega að breyta um farveg. Hagkerfið er nánast lokað og ég óttast að þarna vilji sumir vera.“

Jón lagði áherslu á að nú þyrfti að hætta hausaveiðum og fortíðarhyggju og huga að framtíðinni. „Það eru því miður engar patentlausnir á þeim vanda sem við er að etja. Við þurfum á skýrri stefnumörkun og forystu að halda til að hér geti áfram þrífist kröftugt atvinnulíf.“ Jón sagði jafnframt að aðild að ESB gæti fært okkur bættu stöðu í alþjóðsamfélaginu og betri starfsskilyrði. Hann bætti við að nauðsynlegt væri að róa öllum árum að því að uppfylla Maastricht-skilyrðin.

Að loknum erindum var efnt til pallborðsumræðna með þátttöku Vilborgar Einarsdóttur, framkvæmdastjóra Mentors, Tómasar Más Sigurðssonar, forstjóra Alcoa Fjarðaáls, Ara Kristins Jónssonar, rektors HR og Þorsteins Inga Sigfússonar, forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Fundarstjóri var Þorsteinn Víglundsson fyrrverandi stjórnarmaður SI.



Ályktun Iðnbings 4. mars

Forgangsmál

35.000 störf á 10 árum

Iðnaður í forgang

Afnema gjaldeyrishöft - skapa stöðugleika

Verðmætasköpun - ekki skattheimta

Opnar og gagnsæjar samningaviðræður við ESB

Samvinna, festa og ábyrgð

Stjórnvöld, atvinnurekendur og launþegasamtök verða að leggjast á eitt til að tryggja verðmætasköpun og störf. Á næstu 10 árum þarf að skapa störf fyrir 35.000 manns. Til þess að svo megi verða þurfa að verða umskipti í efnahags- og atvinnumálum sem leiða til verulegs hagvaxtar. Hér þarf einbeittan vilja og dug til verka.

Þungamiðja uppbyggingar í atvinnulífinu verður að vera örvun gjaldeyrisskapandi greina sem geta skapað arðbær störf. Við blasir að iðnaður og þjónusta verða að bera hitann og þungan af þessari uppbyggingu. Orkuauðlindir og hugvit þarf að virkja jöfnum höndum.

Gjaldeyrishöftin verður að afnema. Þau fæla frá fjárfesta og trufla eðlilegt fjárstreymi til og frá landinu. Þá brjóta þau í bága við grundavallarsjónarmið sem íslenska hagkerfið þarf að styðjast við og hefur skuldbundið sig til með EES-samningnum. Uppbygging verður ekki án stöðugleika í gengismálum. Stjórnvöld verða að setja fram trúverðuga leið í gjaldmiðismálum til skamms og langs tíma.

Hagsæld og velferð verður ekki tryggð á Íslandi án vaxtar og nýsköpunar. Vöxtinn þarf að sækja til atvinnustarfsemi sem skapar eins mikinn virðisauka og kostur er, greiðir góð laun og skapar þjódarbúinu tekjur. Stóraukin skattheimta vinnur gegn þessum markmiðum.

Ísland hefur sótt um aðild að ESB og samningaviðræður hefjast innan skamms. Áriðandi er að samningaferlið verði opið og gagnsætt og kappkostað verði að ná niðurstöðu þar sem heildarhagsmunir bæði fólks og fyrirtækja verði hafðir að leiðarljósi.

Á liðnu ári hefur því miður orðið framhald á sundurlyndi og stefnuleysi stjórnmalamanna og stjórnvalda sem bera ábyrgð á verkstjórn og úrlausn ýmissa lyklibáttanna. Hér verður að gera bragarbót. Erfið verkefni krefjast samvinnu, festu og ábyrgðar.

Fjarðarkaup með hæstu einkunn frá upphafi



Niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar voru kynntar í ellefta sinn í febrúar. Að þessu sinni voru 25 fyrirtæki í fimm atvinnugreinum mæld. Niðurstöður byggja á svörum rúmlega 6000 manns eða um 250 viðskiptavina hvers fyrirtækis.

Hæstu einkunn allra fyrirtækja og raunar hæstu einkunn sem mælst hefur í Íslensku ánægjuvuginni frá upphafi hlaut Fjarðarkaup, 91,3 af 100 mögulegum. Í fyrsta sæti í flokki banka og sparisjóða var Sparisjóðurinn með einkunnina 78,6. Í flokki tryggingafélaga var Vörður í

fyrsta sæti með 68,4. HS orka var í fyrsta sæti raforkusala með 69,8. Nova var í fyrsta sæti í flokki farsímafyrirtækja.

Samtök iðnaðarins standa að Íslensku ánægjuvuginni ásamt Stjórnvísí og Capacent Gallup og taka þátt í Evrópsku ánægjuvuginni. Markmiðið er að veita fyrirtækjum upplýsingar um samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina og öðrum þáttum eins og ímynd, gæðum og tryggð viðskiptavinanna.



Hringbrautarbrýr fengu steinsteypuverðlaunin 2010

Göngubrýrnar yfir Hringbraut í Reykjavík fengu Steinsteypuverðlaunin 2010 fyrir að vera bæði frumlegt og vandað mannvirki. Verðlaunin voru veitt verkkaupa, hönnuði og framkvæmdaaðila.

Forseti Íslands veitti fulltrúum Vegagerðarinnar, arkitektum á Stúdío Granda, hönnuðum á Eflu og verktökunum Háfelli og Eykt verðlaunin.

Alls voru 22 mannvirki tilnefnd en dómnefnd taldið brýrnar á Hringbraut og Njarðargötu framúrskarandi vegna arkitektúrs, verkfræðilegra lausna og handverks.


Heiðursiðnaðarmaður ársins 2009



Frá vinstri: Elsa Haraldsdóttir, Björgvin Tómasson, Katrín Jakobsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson og Guðmundur Ó. Eggertsson

Björgvin Tómasson orgelsmiður á Stokkseyri valinn heiðursiðnaðarmaður ársins 2009 á nýsveinahátíð Iðnaðarmannafélagsins. Þau leiðu mistök urðu í umfjöllun um nýsveinahátíðina í síðasta tölublaði Íslensk iðnaðar að röng mynd birtist af Björgvini. Leiðréttist það hér með.

Björgvin lærði orgel- og harmóníumsníði í Þýskalandi á árunum 1978-86 og hefur síðan þá rekið orgelverkstæði, síðustu árin á Stokkseyri. Hann er nú að smíða sitt 32. pípuorgel en það er ætlað í Guðríðarkirkju í Grafarholti.





MS Sharepoint teymi hjá TM Software verðlaunað af Microsoft fyrir þróun OneResponse

Microsoft verðlaunar TM Software

Microsoft í Bandaríkjunum hefur veitt íslenska hugbúnaðarfyrirtækinu TM Software, dótturfélagi Nýherja, viðurkenningu sem mikilvægasti samstarfsaðili þess í tæknilausnum í almannaoðryggi.

Magnús Ingi Stefánsson hjá TM Software tók við viðurkenningunni á ráðstefnu um almannaoðryggi sem haldin var í höfuðstöðvum Microsoft í Redmond í Bandaríkjunum. Viðurkenningin er veitt TM Software fyrir upplýsingavefgátt sem

félagið hefur þróað fyrir Sameinuðu þjóðirnar í samvinnu við Microsoft. Vefgáttin, sem nefnist oneresponse.info, er notuð til þess að samræma hjálparstarf, neyðaraðstoð og þróunarstarf á vegum Sameinuðu þjóðanna og samstarfsaðila. Lausnin var meðal annars notuð af heilbrigðisyfirvöldum í Mexíkó í kjölfar útbreiðslu H1N1 veirunnar á síðasta ári og við samræmingu á hjálparstarfi vegna jarðskjálfta á Haítí í upphafi ársins.

Vaxtarsproti ársins valinn í fjórða sinn

Vaxtarsprotinn, er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins/SSP, Háskólans í Reykjavík og Rannsóknamiðstöðvar Íslands um val á vaxtarsprotu ársins.

Tilgangur verkefnisins er að vekja athygli á góðum árangri sprotafyrirtækja í örum vexti og skapa þannig aukinn áhuga og skilning á uppbyggingarstarfi þessara fyrirtækja. Hver sem er getur tilnefnt fyrirtæki sem hann telur eiga erindi í þetta val.

Viðurkenningar Vaxtarsprotans voru veittar í fyrsta sinn í mars 2007. Það var fyrirtækið Marorka sem hlaut „Vaxtarsprotann 2007“ en fyrirtækin Gagarín, Stiki og Stjörnu-Oddi hlutu einnig viðurkenningu fyrir góðan vöxt á því ári.

Mentor ehf. hlaut Vaxtarsprotann 2008, en Betware hf. Kine ehf. og Valka ehf. hlutu viðurkenningar fyrir góðan vöxt. Mentor ehf. hlaut einnig Vaxtarsprotann árið 2009, en Naust Marine hf. Gogogic ehf. og Saga Medica ehf. fengu viðurkenningu fyrir góðan vöxt á því ári.

Í ár verður efnt til viðurkenningarathafnar í lok apríl. Frestur til að skila tilnefningum til forvals er til 30. mars nk. Sjá nánar á vefsetri SI.

SI fékk lúðurinn



Ein auglýsing í átaki SI gegn svartri atvinnustarfsemi fékk viðurkenningu ÍMARKS, Íslensku auglýsingaverðlaunin 2009 í flokknum almannaoðryggis- og óska Hvíta húsið gerði auglýsinguna.

Samtök iðnaðarins eru stolt af því að átak þeirra hafi hlotið þessa viðurkenningu auglýsingafólks og óska Hvíta húsinu til hamingju.

Auglýsingin er ein þriggja sjónvarpsauglýsinga sem eru hluti af átaki SI gegn svartri atvinnustarfsemi og skattsvikum. Í herferðinni eru einnig nokkrar blaða- og auglýsingar.



Nýr framkvæmdastjóri Nýsköpunar sjóðs atvinnulífsins



Stjórni Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins hefur ákveðið að ráða Helgu Valfells framkvæmdastjóra sjóðsins.

Hún tekur við af Finnþóruni Jónssyni sem hefur verið ráðinn sem framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands.

Helga er fædd 4. apríl 1964. Hún lauk stúdentsprófi frá MH af eðlisfræðisviði árið 1983, lauk BA-prófi í hagfræði og enskum bókmenntum frá Harvard University 1988 og MBA námi við London Business School árið 1994.

Helga hefur m.a. sinnt störfum fyrir Estée Lauder UK, Merrill Lynch International Europe, Útflutningsráð Íslands, verið sjálfstætt starfandi ráðgjafi, aðstoðamaður viðskiptaráðherra og nú síðast sérfræðingur hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.

Bylting í forvinnslu mynda fyrir prentverk

Um mitt árið 2008 var settur saman vinnuhópur á vegum Samtaka iðnaðarins sem fékk það verkefni að leita leiða til að einfalda og bæta vinnu hönnuða og ljósmyndara í forvinnslu fyrir prentverk. Hópurinn var í fyrstu skipaður þeim Birni Fróðasyni, Guðmundi Jónssyni, Ólafi Brynjólfssyni og Þorgeiri Vali Ellertssyni en síðar bættist Jón Sandholt við þá fjórmenninga. Eitt af markmiðum hópsins var að prentsmiðjur réðu meiru um hina endanlegu útkomu prentverksins en áður hefur verið. Við tók mikil og markviss vinna og vorið 2009 skilaði hópurinn af sér fullmótuðum tillögum og leiðbeiningum sem síðan voru kynntar fyrir forsvarsmönnum prentsmiðja á stórum fundi í Húsi atvinnulífsins. Vinnan hélt þó áfram og undanfarna mánuði hefur farið fram ítarleg kennsla á þessu nýja og breytta verklagi, sem hefur verið afar vel tekið, en Ólafur Brynjólfsson hefur leitt þá kennslu í gegnum IÐUNA-fræðslusetur. Nú hafa rúmlega 500 manns sótt námskeiðin.

Lofsvert framtak

Þessu nýja verklagi hefur verið svo vel tekið og menn tala jafnvel um byltingu í forvinnslu mynda fyrir prentverk, byltingu á við þá er menn fóru að skila verkefnum á PDF-sniði á síðustu öld. Margir hafa orðið til að lofa þetta framtak SI, m.a. Sigurður Ármannsson hjá Íslensku auglýsingastofunni sem segir í vefpistli á font.is að með þessu sé gamall draumur að rætast. Í stað þess að hönnuðir séu „skjálfandi á beinunum við að bögglast með að litgreina myndir, oft í tómrí óvissu, er þessi hluti vinnslunnar að færast aftur til prentsmiðjanna, þar sem fagfólk sér um hana.“

Mikið hagræði

Sigurður bendir jafnframt á að hagræðið af þessu sé óumdeilanlegt. Á teiknistofum sé nú hægt að nota sömu myndina í hvaða miðil sem er, hvort sem þær eigi að fara í dagblaðaprentun, á glanspappír eða eitthvað annað. Aðeins þurfi að gæta að því að mynd sé í réttum litum á rétt stilltum skjá. Sigurður getur þess að einstakt að gera svona breytingu á verkferlum hjá heilli þjóð en þetta sé þó ekki í fyrsta sinn og vísar þar til PDF væðingarinnar sem áður er nefnd. Sú væðing hafi ekki tekið langan tíma og heppnast afar vel en nú sé þó enn betur að verki staðið. Fyrst séu prentsmiðjurnar undirbúnar, því næst stærstu teiknistofurnar og aðrir sem þurfi aðstoð geti



Efri mynd starfsmenn Odda, neðri frá vinstri Prenttækni og Umslag

sótt námskeið í verklaginu. Sigurður getur þess að allt sé þetta „meira og minna undir handleiðslu Ólafs Brynjólfssonar með bakstuðningi fagmanna úr bransanum og Samtökum iðnaðarins.“ Að lokum er rétt að benda á að á vef-

setri Samtaka iðnaðarins geta allir sem það kjósa nálgast leiðbeiningarnar og þær skrár sem nauðsynlegar eru til að góður árangur náist við þetta nýja verkferli.

TULIP velur Plastprent

Elsta vörumerki Danmerkur og eitt af stærri vörumerkjum í Evrópu á neytenda- og veitingamarkaði velur Plastprent sem birgja.

Tveggja ára ferli

„Við höfum verið að vinna í þessum samningum í tvö ár,“ segir Ólafur Steinarrsson framkvæmdastjóri Plastprents hf. „Í síðustu viku fór fyrsta framleiðslan í okkar umbúðir og gekk allt eins og í sögu. Þetta er samningur til 2012 sem var undirritaður nýverið og er verðmæti hans á annað hundrað milljónir króna. Heildarmatvælaframleiðsla TULIP á ársgrundvelli er um 171.000 tonn þannig að ef vel gengur horfum við fram á frekari vöxt fyrirtækisins sem birgi innan þessa stóra félags. Það er hægara sagt en gert að komast inn hjá stórum matvælaframleiðendum í Evrópu en við hófum viðræður við TULIP í Danmörku fyrir um tveimur árum síðan. Þá þróuðum við filmu sem við sendum í prufukeyrslu og gekk sérlega vel. Í framhaldi af því tókum við þátt í stóru útboði og náðum inn nokkrum vörulínum í samkeppni við aðra aðila. Þá var gott að vera búinn að komast inn sem viðurkenndur birgi,“ segir

Ólafur. „Eins og við þekkjum, þá standa Danir vel að vígi í matvælaframleiðslu – ekki síst í vörumerkjastjórnun og fyrir okkur hefur það mikla þýðingu að komast inn hjá TULIP.“

Ánægja með þróunarvinnu

Samningur Plastprents er um vörur fyrir veitingamarkaðinn en í heildina stendur þessi markaður fyrir 23% af heildarframleiðslu TULIP. Þeir gera sérstakar kröfur um upplýsingaskyldu, þökkunarstærðir og hagkvæmar umbúðir. Vörulína Plastprents er í frystum kjötbollum en þar sem framleiðslunni er pakkað frosinni beint í umbúðirnar komu strax í upphafi fram nýjar kröfur fyrir okkur í þróunardeild Plastprents m.a. þarf styrkleiki og þykkleiki filmunnar að vera sérstakur. Í tengslum við það var þróuð filma sem býr yfir þessum þökkunareiginleikum, skilgreindum af TULIP, ásamt því að hafa sérstaka suðueiginleika við frágang. „Það er ánægjulegt að segja frá því að bæði þróunar- og hönnunardeild okkar hefur fengið mikið hól frá kaupandanum fyrir fagmennsku og aðstoð við hönnunina á umbúðunum“ segir Ólafur.

Myndir frá árshófi SI sem haldið var á Grand Hótelu Reykjavíkur föstudaginn 5. mars



Ræðumaður kvöldsins
Jón Ásbergsson
framkvæmdastjóri
Útflutningsráðs



Veislustjórinn Andri Þór
Guðmundsson, forstjóri
Ölgerðarinnar fór á kostum



Óvæntur liðsauki barst Stefáni sem var skemmtikraftur kvöldsins



Áætlaðar opinberar framkvæmdir upp á 52 milljarða króna



Árlegt útboðsþing um verklegar framkvæmdir í mannvirkjagerð og byggingariðnaði var haldið á Grand Hóтели Reykjavík 11. mars. Í upphafi árs stefndi í að ekkert útboðsþing yrði haldið vegna óvissunar í efnahagslífinu. Á þinginu var gefið yfirlit yfir helstu útboð opinberra aðila á verklegum framkvæmdum á árinu 2010. Áætlaðar framkvæmdir eru upp á 52 milljarða króna sem er nánast sama upphæð og á árinu 2009 en þá nam samdrátturinn frá 2008 um 60%.

75% samdráttur

Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI, setti þingið og sagði m.a. að veltan í þessum geira væri áætluð um 100 milljarðar króna í ár, eða um þriðjungur þess sem hún var 2007 – 2008. „Samdrátturinn er um 75% sem er mesta hrun í einstakri atvinnugrein sem þekkist nú á tímum.“ Jón Steindór sagði samtökin hafa átt gott samstarf við verkálýðshreyfinguna og ítrekað varað við því tjóni sem svo snöggur niðurskurður valdi atvinnugreininni, auknar framkvæmdir styrki samkeppnishæfni landsins til framtíðar.

Útboðsþing enn mikilvægara á samdráttartímum

Hjá Reykjavíkurborg er fjárfestingar áætlaðar samtals um 6,4 milljarðar króna. Þar af eru fasteignir og stofnbúnaður um 2,5 milljarðar króna, gerð og viðhald gatna um 2 milljarðar króna og lóðir, endurbætur og meiriháttar viðhald áætlað um 900 milljónir króna. Óskar Bergsson, formaður borgarráðs sagði engin stór verk framundan, en nefndi að til stæði að gera Tjarnarbíó að

rekstrarhæfu leikhúsi og veitingastað og til þess væru áætlaðar um 315 milljónir króna. Mestu framkvæmdir við grunnskóla eru við Norðlingaskóla upp á um 500 milljónir króna. Við Sæmundarskóla á að bjóða út á næstu vikum vegna innréttinga og búnaðar en minni framkvæmdir eru fyrirhugaðar við aðra skóla. Þá verði varið um 200 milljónum króna í viðhald skólalóða. Framkvæmdir í Spönginni eru hafnar en til verksins er varið 200 milljónum króna á þessu ári. Til viðhalds fasteigna er áætlað að verja 734 milljónum króna og vegna vegtenginga við tónlistarhúsið Hörpu um 180 milljónum króna.

360 hjúkrunarrými í 9 sveitarfélögum

Framkvæmdasýsla ríkisins áætlaðar um 6,6 milljörðum króna að meðtöldum framkvæmdum við hjúkrunarheimili á vegum félags- og tryggingaráðuneytisins í Reykjavík, Kópavogi og Snæfellsbæ en áætlað er til lengri tíma að byggja alls 360 hjúkrunarrými í 9 sveitarfélögum. Óskar Valdimarsson forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins segir að meðal útboða á þessu ári sé flutningur á Skúlahúsi inn á lóð Alþingis, framkvæmdir við Háskóla Íslands upp á um 300 milljónir króna, viðhald og endurbætur á Landspítalanum upp á 320 milljónir króna, breytingar og viðhald á um 400 eignum í eigu ríkisins, en um 70% þeirra eru á landsbyggðinni. Óskar segir fimm öfluga aðila hafa fengið útboðsgögn vegna hönnunar háskóla-sjúkrahúsins, málið skýrist frekar á árinu 2011 en fyrirhugað er að framkvæmdir hefjist á árinu 2012.

Útboð fyrir um 1,5 milljarð króna vegna Hörpu

Sigurður Ragnarsson, framkvæmdastjóri Austurhafnaverkefnis hjá Íslenskum aðalverktökum, segir áætlað að bjóða út verk fyrir um 1,5 milljarð króna vegna tónlistarhúsins Hörpu. Á þessu ári verður unnið fyrir um 2,3 milljarða króna, m.a. fyrir um 530 milljónir vegna bíla-kjallara og fyrir um 350 milljónir króna vegna gerðs torgs og þila. Nú stendur yfir útboð á veitingarekstri í Hörpu fyrir um 2.000 manns, og útboð á verslun.

Framkvæmdir við Búðafellsvirkjun bíða samninga um orkusölu

Fjárfestingar Landsvirkjunar á þessu ári eru áætlaðar um 4 milljarðar króna. Lokaframkvæmdir standa yfir við Kárahnjúkavirkjun og fyrirhugaðar eru á árinu framkvæmdir við Búðarhálsvirkjun fyrir um 990 milljónir króna. Upphafsfamkvæmdir hafa verið auglýstar, en frekari framkvæmdir verða boðnar út síðla árs ef samningar um orkusölu og fjármögnun nást. Björn Stefánsson hjá Landsvirkjun segir að áætlaðar virkjanir á Norðurlandi, s.s. stækkun Kröfluvirkjunar og ný Kröfluvirkjun, Bjarnarflagsvirkjun, Þeistareykjavirkjun séu í biðstöðu þar sem óvissa ríki um orkusölu og fjármögnun.

Siglingastofnun með 850 milljón króna útboð á árinu

Áætlaður kostnaður við verk sem eru í gangi á vegum Siglingastofnunar er um 1,3 milljarður króna en langstærsti hluti þess er við Landeyjarhöfn, liðlega milljarður króna. Næst kemur Patreksfjarðarhöfn með 71 milljón króna.

Sigurður Áss Grétarsson, forstöðumaður hafnasviðs, segir kostnað við ný verk á árinu áætlaðan um 580 milljónir, þar af um 160 milljónir til Landeyjarhafnar. Ný verk vegna sjóvarna eru áætluð um 250 milljónir króna, mest til Víkur í Mýrdal, eða 200 milljónir króna. Í heild á að bjóða út á árinu fyrir um 850 milljónir króna.

Fjöldmörg verkefni hjá Landsneti

Verkefni í undirbúningi á vegum Landsnets nema 9 milljörðum króna í ár, verkefni í framkvæmd nema 5 milljörðum króna og verkefnum sem er að ljúka um 10 milljörðum króna. Ingólfur Eyfells, sérfræðingur eignastýringar hjá Lands-



neti segir að verkefni í undirbúningi séu m.a. tenging álvers á Bakka, tenging Búðarhálsvirkjunar, tenging virkjana í neðri hluta Þjórsár, nýtt tengivirki á Ísafirði og Suðvesturlína. Verkefni í framkvæmd eru m.a. tenging aflþynnuverksmiðu á Akureyri, lagning jarðstrengs um jarðgöngin til Bolungarvíkur, nýtt tengivirki á Akranesi og tenging gagnavers í Ásbrú á Keflavíkurlflugvelli.

Lagningu jarðstrengs, Nesjavallalínu, að Geithálsi er að mestu lokið.

Fjárfestingar OR í veitukerfinu upp á 2,9 milljarða króna

Fjárfestingaráætlun Orkuveitu Reykjavíkur hljóðar upp á 15,5 milljarða króna. Þar af nema nýjar virkjanir og rannsóknir upp á 10,7 milljarða króna, veitukerfi upp á 4,1 milljarð króna en annað upp á 700 milljónir króna. Við þetta bætist svo viðhald fasteigna upp á 220 milljónir króna. Fjárfestingar í veitukerfinu eru áætlaðar 2,9 milljarðar króna á árinu en stór hluti af því eru samningsbundin verk, eða 2 milljarðar króna. Útboð vegna vatnskerfa eru áætlaðar 300 milljónir króna, fyrirhuguð útboð í rafveitukerfinu eru áætlaðar 200 milljónir króna og ýmis verk verða í útboði vegna fasteigna OR upp á 120 milljónir króna.

Nýbyggingaverk Vegagerðarinnar að upphæð 1,9 milljarðar króna

Rögvaldur Gunnarsson, forstöðumaður framkvæmdadeildar Vegagerðarinnar, segir útgjöld til vegamála á þessu ári nema 19,2 milljörðum króna, þar af framkvæmdir og viðhald upp á 13,6 milljarða króna. Skuldbundin verkefni á árinu nema um 11,6 milljörðum króna, s.s. Landeyjarhafnarvegur, Bræðratunguvegur og Raufarhafnarvegur en þau verk gefa af sér um 300 ársverk. Fyrirhuguð útboð á þessu ári eru m.a. rofavörn við Jökulsá á Breiðamerkursandi, Reykjanesbraut við Grænás, Hringvegur 1 við Litlu kaffistofuna og allmörg smærri verkefni á höfuðborgarsvæðinu.

Þau nýbyggingarverk sem boðin verða út á þessu vori eru upp á 1,9 milljarð króna sem skiptist nokkuð jafnt milli árána 2010 og 2011.

Vel heppnað Íslandsmót iðn- og verkgreina

Íslandsmót iðn- og verkgreina, Skills Iceland, fór fram í Smáralind dagana 18. og 19. mars. Þetta var í fimmta sinn sem mótið var haldið og það stærsta hingað til á Íslandi. Um 130 manns kepptu í 15 greinum, málmstöðu, trésmíði, pípulögnum, bíliðngreinum, málaraíðni, dúklagn-ingum, hársnyrtingu, snyrtifræði, gráfískri miðlun og ljósmyndun, bakariðni, matreiðslu, framreiðslu, kjötiðni, skrud-garðyrkju og rafvirkjun.



Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra og Ingi Bogi Bogason hjá SI settu mótið formlega í hádeginu þann 18. Við það tilefni lýsti Katrín yfir ánægju með mótið og þakkaði aðstandendum þess fyrir. Mikill mannfjöldi fylgdist með mótinu sem stóð yfir í tvo daga og lauk kl. 18.00 á föstudag með afhendingu viðurkenningaskjala og verðlaunapeninga.

Skills Iceland er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á iðn- og verkgreinum, kynna þær almenningi – ekki síst ungu fólki – og vekja athygli á þeim tækifærum sem felast í námi og störfum í iðngreinum.

Íslandsmótið er auk þess tækifæri fyrir ungt fólk til sýna fram á færni sína og kunnáttu í iðn- og verkgreinum. Tekist er á við krefjandi og raunveruleg verkefni í samkeppni sem reynir á hæfni, skipulagshæfileika og fagmennsku.



Merkur áfangi

Ísland sótti um aðild að Evrópusambandinu 27. júlí í fyrra. Í lok febrúar ákvað framkvæmdastjórn ESB að mæla með því við ráðherraráð ESB að taka upp aðildarviðræður við Ísland eftir að hafa lagt mat á gögn og svör við spurningum frá Íslandi. Ekki var við öðru að búast en að mælt yrði með viðræðum.

Búist er við því að ráðherraráðið gefi grænt ljós á viðræður í næsta mánuði. Í kjölfarið hefjast þá eiginlegar samningaviðræður og Ísland fær formlega stöðu sem umsóknarríki.

Mikilvæg vinna framundan

Í hönd fer mikilvæg vinna samningamanna Íslands en ekki síður mikilvægur tími umræðna um þýðingu aðildar að Evrópusambandinu fyrir framtíðarhagsmunum Íslands. Er líklegt að við náum betur að sækja fram á öllum sviðum og tryggja lífskjör og rekstrarskiilyrði innan eða utan ESB? Þá þarf líka að huga að margvíslegum spurningum sem lúta að pólitískri stöðu og áhrifum og þátttöku í framvindu á alþjóðlegum vettvangi á mörgum sviðum. Er óskandi að þessi umræða verði málefnaleg og grundvölluð á heildarhagsmunum og skýrri framtíðarsýn.

Samtök iðnaðarins munu beita sér fyrir umræðu á sínum vettvangi hér eftir sem hingað til og leggja sitt af mörkum til vandaðrar umræðu og þess að aðildarsamningur Íslands verði sá besti sem unnt er að ná.

Framkvæmdastjórn ESB hefur birt ýmis gögn í tengslum við ákvöðrun sína sem er fróðlegt og gagnlegt að kynna sér.

Viðhaldsvinna frádráttarbær

Fjármálaráðherra kynnti á fundi í mánuðinum frumvarp sem gerir ráð fyrir að kostnaður vegna vinnu iðnaðarmanna við íbúðarhúsnæði og sumarhús verði frádráttarbær. „Örvandi og jákvæð aðgerð sem vonandi kemur einhverri hreyfingu á annars daufan markað“ segir Árni Jóhannsson forstöðumaður mannvirkjasviðs SI.

Miðað er við að frádrátturinn geti numið að hámarki 200 þúsund krónum hjá einstaklingum og 300 þúsund krónum hjá hjónum.

Kaka ársins 2010



Jóhannes Felixson,
formaður LABAK og Hilmir
Hjálmarsson ásamt Ingibjörgu
Ragnarsdóttur


Hilmir Hjálmarsson hjá Sveinsbakaríi, höfundur köku ársins, afhenti Ingibjörgu Ragnarsdóttur, liðsstjóra karlalandsliðsins í handbolta, köku í virðingarskygni fyrir framlag hennar til góðs gengis landsliðsins á Evrópumeistaramótinu. Keppnin um köku ársins var haldin í samstarfi við Nóa Síríusi og hófst sala á henni konudagshelgina.

Landssamband bakameistara stendur fyrir keppninni árlega. Keppnin um köku ársins fer þannig fram að keppendur skila inn tilbúnum kökum sem dómara meta og velja úr þá sem þykir sameina

þá kosti að vera bragðgóð, falleg og líkleg til að falla sem flestum í geð og hlýtur hún titillinn Kaka ársins. Alls bárust 10 kökur í keppnina í ár. Sigurkakan er samsett úr dökkum súkkulaðibotni, hvítum botni, núggatmús og hjúpuð með dökkum Konsum orange súkkulaðiþjúpu.

Dómarar í keppninni voru Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur hjá Samtökum iðnaðarins, Jóhanna Gunnarsdóttir, matvælafræðingur hjá Nóa-Síríusi og Ást-hildur Guðmundsdóttir kennari við bakaraeild Hótel og matvæla skólann.

Raungengi og viðskiptajöfnuður 2000-2009



Heimild: Seðlabanki Íslands og Hagstofan

Samspil viðskiptajöfnuðar og raungengis dregur fram mikilvægustu þætti í efnahagsþróun okkar síðustu ár. Raungengi er mælikvarði á hlutfallslegt verðlag og ákvarðast viðskiptamynstur okkar við útlönd verulega af því.

Hátt raungengi á árunum 2005-2007 leiddi til slæmrar samkeppnisstöðu, mikils viðskiptahalla og erlendrar skuldasöfnunar. En alveg eins og gengið var óeðlilega sterkt þá er það óeðlilega veikt núna.

Samkeppnisstaðan núna er góð og mikið fæst fyrir útluttar vörur. Það er hins vegar umhugsunarefni að samkeppnishæfni okkar skuli nú ráðast af því að hér eru laun í alþjóðlegu samhengi mjög lág.